

Fundarnúmer:	535
Dagsetning:	31.03.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

535. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 31. mars 2008 kl. 10:00 í fundarherbergi sveitarstjórnar.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann Tæknideildar um málefni hitaveitu.
2. Aðalfundarboð Menningarráðs Norðurlands vestra.
3. Bréf Bjarna Maronssonar, héraðsfulltrúa Landgræðslu ríkisins.
4. Kynning á sameiginlegri framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020.
5. Erindi USVH.
6. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi.
7. Bréf RARIK.
8. Skólahreysti 2008, beiðni um styrk.
9. Ársskýrsla Veidifélags Víðidalsár.
10. Úthlutun íbúða í Nestúni.
11. Viðbygging við Hamarsbúð.

Afgreiðslur:

1. Forstöðumaður tæknideildar mætir til viðræðna um málefni hitaveitu. Farið yfir kostnaðaráætlun við lagningu hitaveitu í hesthúshverfi, norður frá Hvammstanga og að Syðri-Völlum. Farið yfir kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar við endurnýjun Hvammstangabrautar. Samþykkt að verkið verði boðið út.skv. þeim gögnum sem fyrir liggja.
2. Lagt fram aðalfundarboð Menningarráðs Norðurlands vestra sem haldinn verður 5. apríl 2008. Samþykkt að fjórði fulltrúi Húnaþings vestra verði Oddur Sigurðarson og varamaður hans Elín Jóna Rósinberg.
3. Lagt fram bréf Bjarna Maronssonar, héraðsfulltrúa Landgræðslu ríkisins um héraðsáætlun um mat á ástandi gróðurs og jarðvegs. Erindinu vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.
4. Lagt fram fundarboð um kynningu á sameiginlegri framtíðarsýn fyrir grunnskólastarfið 2007-2020, sem haldið verður á Hvammstanga 16. apríl 2008.
5. Lagt fram bréf frá USVH, þar sem beiðni er um styrk til Styrktarsjóðs USVH. Samþykkt að boða fulltrúa USVH til fundar við byggðarráð.
6. Lögð fram beiðni Sýslumannsins á Blönduósi um umsögn vegna leyfis skv. lögum nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði. Um er að ræða endurnýjun leyfis vegna farfuglaheimilisins að Sæbergi. Byggðarráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun leyfisins.
7. Lagt fram bréf frá Rarik, þar sem boðið er til samráðsfundar á Akureyri með sveitarstjórnarmönnum um þjónustu og starfsemi Rarik á Norðurlandi. Byggðarráð hvetur sveitarstjórnarmenn til að sækja fundinn.
8. Lögð fram styrkbeiðni frá Icefitness ehf. vegna skólahreysti 2008. Byggðarráð samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 10.000.
9. Lögð fram til kynningar ársskýrsla Veidifélags Víðidalsár ásamt ársreikningi 2007 og skýrslu um mat á uppeldisskilyrðum fyrir lax á fiskgengum hlutum Víðidalsár og Fitjár.
10. Úthlutun íbúðar í Nestún 4-6. Samþykkt að úthluta íbúð nr.208 til Sigurvalda Björnssonar og Ólínu Helgu Sigtryggisdóttur.
11. Viðbygging við Hamarsbúð. Á grundvelli viðræðna sveitarstjóra við Tvo smiði ehf. hefur borist tilboð frá þeim í verkið að upphæð kr. 4.600.000. Sveitarstjóra og forstöðumanni tæknideildar falið að fara yfir tilboðið fyrir næsta fund.

Samþykkt að taka á dagskrá:

12. Bréf Eðvalds Daníelssonar dags. 31.03.2008, þar sem hann fer þess á leit við sveitarstjórn að hún óski eftir því við Sjávarútvegsráðherra að fellt verði niður ákvæði í reglum um byggðakvóta til Húnaþings vestra að landað verði tvöföldu magni byggðakvótans áður en til úthlutunar kemur. Byggðarráð samþykkir að senda ráðherra beiðni skv. ofangreindu.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:37.

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Guðrún Ragnarsdóttir fundarritari(sign.),
P. Karl Eggertsson(sign.), Heimir Ágústsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).